


Aðalfundur 2022

~ 19. apríl ~



Fundargerð

Aðalfundur settur kl.20:00 í Virkjun, Ásbrú.

Mættir:

Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Ágúst H. Borgþórsson, Gunnar H. Valdimarsson, Gunnar M. Magnússon, Albert Guidice, Stefán Sæmundsson, Guðjón Hauksson, Guðmundur Á. Sigurðsson, Árni Finnbogason, Haukur Ólafsson, Ishmael R. David, Hermann Ólafsson, Ragnar.

Magnús formaður setti fundinn og stakk upp á Stefáni Sæmundssyni sem fundarstjóra, var það samþykkt.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir án athugasemda eftir stuttar umræður. Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld, tillaga kom úr sal um hækkun í 15.000 en sú tillaga fékk einungis 2 atkvæði og því verða félagsgjöldin óbreytt.

Á þessum fundi átti að kjósa um formann og meðstjórnanda. Engin framboð bárust í embætti formanns fyrir aðalfund og heldur ekki á sjálfum fundinum svo Magnús fráfarandi formaður gaf kost á sér aftur og var það samþykkt. Albert Guidice bauð sig áfram sem meðstjórnanda en einnig gaf Haukur Ólafsson kost á sér. Gengið var til kosninga og fékk Haukur meirihluta atkvæða og kemur nýr inn í stjórn félagsins.

Guðmundur minnti á skoðunarmann reikninga, en láðst hafði að setja hann í dagskrá fundarins, gjaldkeri stakk upp á Stefán Sæmundssyni og var það samþykkt.

Engar tillögur eða lagabreytingar á dagskrá.

Undir liðnum önnur mál var rætt um vefmyndavélamál

Samþykkt að færa mön við bílabraut og búa til fleiri bílastæði

Rætt um nýliðunarmál og almenn félagsmál ásamt mótaskrá.

Félagið verður 30 ára í ár og stefnt verður á að bjóða upp á kaffi út á velli í sumar.

Rætt almennt um bílamálin.

Rætt um rafmagn og vatnsmál.

Aðalfundi slitið kl. 20:50.

Sverrir Gunnlaugsson